



Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði

VesturVerk ehf. hefur gert samning við landeigendur í Ófeigsfirði um rannsóknar og nýtingar leyfi vatnsréttinda Hvalár og Rjúkanda. Einnig hefur VesturVerk ehf. gert samning við landeigendur að Engjanesi í Eyvindarfirði um rannsóknar og nýtingar leyfi fyrir Eyvindarfjarðarveitu. Eigendur VesturVerks eru einnig landeigendur í Ófeigsfirði.

Hvalárvirkjun

VesturVerk áformar að reisa og reka Hvalárvirkjun. Virkjunin er í öðrum áfanga rammaáætlunar ríkisstjórnar um forgangsriðum virkjunarkosta á Íslandi. Orkustofnun fól Almennu Verkfræðistofnunni að gera frumathugun á virkjun Hvalár og Rjúkanda með miðlun í Vatnalautavatni og inntakslóni í Efra Hvalárvatni. Athugunin fól einnig í sér mögulega miðlun úr Eyvindarfjarðarvatni. Forathugun OS og AV lauk haustið 2007 og var birt þá um haustið.

Á sl. ári hefur VesturVerk ehf. látið fara fram nánari athugun á orkugetu svæðisins með nánari vatnamælingum og veffangsathugunum. Í framhaldi þeirra athugunna hefur virkjunarkosturinn verið endurmetin í nóvember sl. og er niðurstaðan sem hér segir:

Virkjað rennsli:	14,0 m ³ /s
Afl virkjunar :	35,0 MW*
Stærð Vatnalautavatns:	85 Gl
Stærð inntakslóns:	35 Gl
Stærð Neðra-Eyvindarfjarðavatns:	30 Gl
Orkugeta:	280 GWh/ár
Nýtingartími	7410 klst.

* Uppsett afl gæti orðið hærra en það ræðst af því hvernig hún verður rekin.

Miðlanir Hvalárvirkjunar verða frá Vatnalautavatni 348 m.y.s. með Rjúkanda annarsvegar og hinsvegar frá Eyvindarfjarðarvatni 317 m.y.s. í gegnum 3,0 km miðlunargöng.

Miðað er við að veita vatninu í Efra Hvalárvatn sem yrði inntakslón virkjunarinnar. Þaðan yrði virkjað í einu þrepi niður í Ófeigsfjörð með 2,6 km löngum aðrennslisgöngum, að stöðvarhúsi sem staðsett yrði í Strandafjöllum og með 1,7 km löngum frárennslisgöngum með útrás rétt ofan Hvalárfoss. Virkjað fall yrði frá 315 m.y.s. niður í 5 m.y.s. Aðkomugöng að stöðvarhúsi verða um 1,6 km að lengd.

Áætlaður framkvæmdarkostnað hefur verið endurreiknaður miðað við endurmat virkjunarkosta svæðisins og er ekki gefin að svo stöddu.

Framkvæmdaráætlun

Almenna Verkfræðistofan hefur að beiðni VesturVerks ehf. gert framkvæmdaráætlun fyrir Hvalárvirkjun.

Þar er gert ráð fyrir því að borun rannsóknarborhola, slóðagerð og undirbúningur matsáætlana hefjist nk. sumar þ.e.a.s. 2009. Verkframkvæmdir hefjist sumarið 2011 og verklok veturinn 2013/2014



Aðalskipulag Árneshrepps

Benedikt Björnsson arkitekt hefur unnið aðalskipulag fyrir Árneshrepp. Því er lokið og hefur skipulagið nú þegar verið sent til umsagnaraðila. Svör frá þeim hafa borist nema svör um staðsetningu háspennulínu frá Hvalárvirkjun, þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar frá Landsneti um staðsetningu línunnar. Aðalskipulagið verður auglýst strax og þær upplýsingar berast. Í aðalskipulagi Árneshrepps er gert ráð fyrir Hvalárvirkjun með vísan í forathugun OS og AV.

Vatnamælingar og aðrar rannsóknir

Hvalá í Ófeigsfirði hefur verið rennislismæld í um 30 til 35 ár af Vatnamælingum Íslands. Lágrennislismælingar voru framkvæmdar af Vatnamælingum Íslands í september sl. að beiðni VesturVerks. Frumrannsóknir á náttúrufari á Ófeigsfjarðarheiði hafa verið gerðar. Jarðfræðingar bæði frá Orkustofnun (Haukur Jóhannesson) og á vegum VesturVerks (Almenna Verkfræðistofan (Snorri P. Snorrason)), hafa farið á Ófeigsfjarðarheiði til forrannsókna á berglögum.

Tenging við Landsnetið

VesturVerk gerði fyrirspurn til Landsnets um tengingu Hvalárvirkjunar við landsnetið. Í svari Landsnets kom fram að virkjunin verði tengd 66 KV streng við Mjólkárveikun í Arnarfirði. Einnig hefur verið ræddur sá möguleiki að tengja virkjunina til Ísafjarðar. Landsnet fagnar því að Hvalá verði virkjuð sem mun auka verulega öryggi í orkuflutningum á Vestfjörðum. Á aðalfundi Landsnets 2008, skýrsla forstjóra, 31.3.2008, leggur Landsnet eftirfarandi til "Ekki er lagt til að byggja nýja línu til Vestfjarða, en lagt er til að virkjað verði í fjórðungnum og vill Landsnet auðvelda það með kaupum á kerfisþjónustu". Samfélagslegur kostnaður vegna straumleysis á Vestfjörðum hefur legið á bilinu 400 til 450 milljónir króna á ári m.v. fullt straumleysi forgangsnotkunar (Landsnet-07032).

Rannsóknarleyfi:

Umsókn um rannsóknarleyfi var sendi til Iðnaðarráðherra í byrjun október 2008. Eigendur VesturVerks ehf. hafa heimild til rannsókna skv. auðlindalögum sem landeigendur og mun tilkynna það til Orkustofnunar innan nokkurra vikna.

Heimildir, rannsóknir og forathuganir:

Það hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir og athuganir á Ófeigsfjarðarheiði og Hvalá í yfir 30 ár. Hér að neðan eru þær heimildir sem notaðar hafa verið sem grunnur að Hvalárvirkjun í því formi sem VesturVerk hyggst virkja hana ásamt þeim viðbótar rannsóknum sem VesturVerk hefur kostað til og verða ekki gerðar opinberar að svo stöddu.

- Orkustofnun, Almenna Verkfræðistofan: Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, OS-2007 / 008
- Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: Athugun á virkjunaraðstæðum, Þverá á Langadalsströnd og Hvalá í Ófeigsfirði. Ágúst 1974 Rafmagnsveitur Ríkisins.
- Orkustofnun: Ófeigsfjarðarheiði. Forathugun á virkjunarkostum, febrúar 1983, OS-83012/VDO-07 B.
- Orkustofnun: Endurskoðun virkjana á Vestfjörðum, september 1988, OS-88035/VDO-05.
- Iðnaðarráðuneytið: Innlendar orkulindir til vinnslu raforku. 1994



- Orkustofnun: Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði með veitu til Reykjafjarðar, 1. forathugun. OS-2003/057
- Orkustofnun: Gagnabanki Vatnamælinga afgreiðsla nr. 2006/16
- Orkustofnun: Dýpt nokkurra vatna á Ófeigsfjarðarheiði. OS-2006/002
- ÍSOR: Yfirborðsjarðhiti í Ófeigsfirði, Bjarnafirði nyrðra og á dröngum. ÍSOR-06266
- ÍSOR: Jarðfræðilegar aðstæður við Hvalá. ÍSOR-2006/050
- Orkustofnun: Vestfjarðavirkjanir. Ísafjarðardjúp-Frumkönnun á byggingarefnum og jarðfræði. OS-ROD7630.
- Orkustofnun: Reiknað rennsli til Hvalárvirkjunar skv. fyrstu drögum að HBV-líkani. OS-2005/005.
- Orkustofnun: Vatnafar á Hraunum á Ströndum, frá Eyvindardal að Skúfnavötnum. OS-2002/075.
- Orkustofnun: Endurskoðun á rennislismælingum og smíði rennislislykils nr. 5 fyrir vhm 198, Hvalá í Ófeigsfirði. OS-2005/025
- Orkustofnun: Flóð Íslenskra vatnsfalla, flóðagreining rennislisraða. OS-099100

Þverá á Langadalströnd Skúfnavatnavirkjun

VesturVerk ehf. hefur leitað samninga við Hólmavíkurbreytt um kaup/leigu vatnsréttinda og lands vegna áhuga á virkjun Þverár á Langadalströnd. Áhugi VesturVerks fyrir virkjun Þverá liggur í samlegðaráhrifum á virkjun hennar og Hvalár í Ófeigsfirði, bæði hvað varðar vatnasvið og framkvæmdarkostnað. Öll vinna er á frumstigi og allar upplýsingar eru að fá hjá Orkustofnun (OS-2007/007). Stefnt er að sækja um rannsóknarleyfi á árunum 2011-2012.

Skúfnavatnavirkjun

Uppset afl: 8,5 MW

Orkugeta: 60 GWh/ár

Kostnaðaráætlun: 3,4 milljarðar kr. án VSK á verðlagi jan 2007